

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Vatnakerfi Blöndu 2023 og 2024 Seiðarannsóknir, stangveiði og göngufiskur

Ingi Rúnar Jónsson, Fjóla Rut Svavarsdóttir og Eydís Njarðardóttir



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Vatnakerfi Blöndu 2023 og 2024

Seiðarannsóknir, stangveiði og göngufiskur

Höfundar	Ingi Rúnar Jónsson, Fjóla Rut Svavarsdóttir og Eydís Njarðardóttir
Samstarfsaðilar	Veiðifélag Blöndu og Svartár
Verkefnisstjóri	Ingi Rúnar Jónsson
Yfirfarið af	Hlynur Bárðason
Samþykkt af	Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri Ferskvatns- og eldissviðs

Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

Númer	HV 2024-33	ISSN	2298-9137
Dagsetning	9.desember 2025	Dreifing	Opin
Fjöldi síðna	38 bls	Verknúmer	9024

© Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Ágrip

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður rannsókna í Blöndu og Svartá árin 2023 og 2024. Gert er grein fyrir niðurstöðum seiðarannsókna sem gerðar voru með rafveiði í júlí, stangveiði, fiskgengd um fiskteljara og mælinga á vatnshita í Blöndu í Ennisflúðum. Laxaseiði veiddust á öllum rafveiðistöðvum í Blöndu og Svartá bæði árin, auk bleikju- og urriðaseiða. Seiðin voru vorgömul (0^+) til þriggja ára (3^+). Meðalvísitala laxaseiða árið 2023 var 26,4 seiði á 100 m^2 en 16,2 seiði á 100 m^2 ef stöð við Eldjárnsstaði er undanskilin. Árið 2024 var meðalvísitala laxaseiða í Blöndu 18,1 seiði á 100 m^2 en 14,0 ef Eldjárnsstaðir eru undanskildir. Vísitala þéttleika laxaseiða í Blöndu hefur verið svipuð frá 2018, en var hærri árin 2015-2017. Í Svartá var meðalvísitala laxaseiða 20,8 seiði á 100 m^2 árið 2023 en 17,2 seiði á 100 m^2 árið 2024 sem er í takti við seiðamælingar síðustu fjögurra ára.

Sumarið 2023 veiddust 489 laxar í Blöndu og Svartá og þar af var 92% sleppt en árið 2024 veiddust 437 laxar í kerfinu og var 92% þeirra sleppt. Árið 2023 gengu 1.186 laxar í vatnakerfi Blöndu og 1.017 árið 2024. Aflahlutfall var 3,2% bæði árin.

Lykilorð: lax, bleikja, seiðarannsóknir, teljari, vatnshiti, veiði, Blanda, Svartá, Blöndulón, Ennisflúðir

Abstract

The report presents the results of research conducted in the rivers Blanda and Svartá in 2023 and 2024. It provides an overview of findings from juvenile fish surveys carried out using electrofishing in July, rod fishing, fish migration through the fish counter, and water temperature measurements in Blanda at Ennisflúðir. Salmon juveniles were caught at all electrofishing stations in both Blanda and Svartá in both years, along with Arctic char and brown trout juveniles. The age of the juveniles was from 0^+ to 3^+ . The density index of salmon juveniles in 2023 was 26.4 juvenile per 100 m^2 , or 16.2 fry per 100 m^2 when excluding the station at Eldjárnsstaðir. In 2024, the density index of salmon juveniles in Blanda was 18.1 per 100 m^2 , or 14.0 when Eldjárnsstaðir is excluded. The juvenile density index for salmon in Blanda have been similar since 2018, but was higher in 2015-2017. In Svartá, the density index for salmon juvenile was 20.8 juvenile per 100 m^2 in 2023 and 17.2 juvenile per 100 m^2 in 2024, which aligns with juvenile measurements from the past four years.

In the summer of 2023, 489 salmon were caught in Blanda and Svartá, of which 92% were released, while in 2024, 437 salmon were caught in the system, with 92% released. In 2023, 1,186 salmon migrated into the Blanda river system, and 1,017 in 2024. The catch ratio was 3.2% in both years.

Key words: salmon, Arctic char, juvenile fish surveys, fish counter, water temperature, fishing, Blanda, Svartá, Blöndulón reservoir, Ennisflúðir

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferðir.....	2
2.1	Mælingar á vatnshita.....	2
2.2	Seiðarannsóknir.....	2
2.3	Stangveiði.....	3
2.4	Fiskteljari.....	3
2.5	Hrognaútreikningar.....	4
3	Niðurstöður.....	5
3.1	Mælingar á vatnshita.....	5
3.2	Seiðarannsóknir.....	5
3.3	Stangveiði.....	7
3.4	Fiskteljari.....	8
3.5	Hrognaútreikningar.....	8
4	Umræður.....	9
5	Þakkarorð.....	10
	Heimildir.....	11
	Ítarefni.....	12
	Myndir.....	14
	Töflur.....	30

Myndaskrá

Mynd 1. Vatnasvið Blöndu og Svartár og vötn á Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði.....	14
Mynd 2. Staðsetningar rafveiðistöðva í Blöndu og Svartá 2023 og 2024.....	15
Mynd 3. Frávik meðalvatnshita (°C, lóðrétti ásin) hvers mánaðar frá meðalvatnshita þess mánaðar á tímabilinu 2001-2024, í Blöndu	15
Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða sem veiddust í seiðarannsóknunum í Blöndu í júlí 2023	16
Mynd 5. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða sem veiddust í seiðarannsóknunum í Svartá í júlí 2023	17
Mynd 6. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða sem veiddust í seiðarannsóknunum í Blöndu í júlí 2024	18
Mynd 7. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða sem veiddust í seiðarannsóknunum í Svartá í júlí 2024	19
Mynd 8. Lengdar- og aldursdreifing bleikju- og urriðaseiða sem veiddust í seiðarannsóknunum í Blöndu í júlí 2023 ..	20
Mynd 9. Lengdar- og aldursdreifing bleikju- og urriðaseiða sem veiddust í seiðarannsóknunum í Svartá í júlí 2023 ..	20
Mynd 10. Lengdardreifing bleikju- og urriðaseiða sem veiddust í seiðarannsóknunum í Blöndu í júlí 2024	20
Mynd 11. Lengdardreifing bleikju- og urriðaseiða sem veiddust í seiðarannsóknunum í Svartá í júlí 2024	21
Mynd 12. Samanlögð meðalvísitala þéttleika 1+ og 2+ laxaseiða í seiðarannsóknunum í Blöndu og Svartá 1990-2024	21
Mynd 13. Samanlögð vísitala þéttleika 1+ og 2+ laxaseiða í seiðarannsóknunum á fjórum stöðum í Blöndu 1996-2001 og 2013-2024.....	22
Mynd 14. Vikuveiði stangaveiddra laxa í Blöndu og Svartá sumarið 2023	23
Mynd 15. Vikuveiði stangaveiddra laxa í Blöndu og Svartá sumarið 2024	24
Mynd 16. Hlutfall stórlax og smálax sem var sleppt (veiða-sleppa) í vatnakerfi Blöndu frá 1999 til 2024.	25
Mynd 17. Fjöldi bleikja sem veiddust í Blöndu (vinstri) og Svartá (hægri), skipt eftir veiðisvæðum, árin 1990 til 2024.	25
Mynd 18. Fjöldi urriða sem veiddust í Blöndu (vinstri) og Svartá (hægri), skipt eftir veiðisvæðum, árin 1990 til 2024.	25
Mynd 19. Heildarveiði smálax og stórlax eftir veiðisvæðum í Blöndu og Svartá 1980-2024.....	26
Mynd 20. Fjöldi laxa sem gekk daglega um teljara í Ennisflúðum sumarið 2023	26
Mynd 21. Fjöldi laxa sem gekk daglega um teljara í Ennisflúðum sumarið 2024.	27
Mynd 22. Fjöldi bleikja og urriða sem gekk daglega um teljara í Ennisflúðum sumarið 2023.....	27
Mynd 23. Fjöldi bleikja og urriða sem gekk daglega um teljara í Ennisflúðum sumarið 2024.....	27
Mynd 24. Reiknaður heildarfjöldi silunga sem gekk upp fyrir Ennisflúðir í Blöndu 1982-2024.....	28
Mynd 25. Heildarfjöldi laxa sem gengu árlega í vatnakerfi Blöndu frá 1982 til 2024.....	28
Mynd 26. Reiknaður fjöldi hrogna (í milljónum) sem hrygnt var í vatnakerfi Blöndu og Svartá 1994-2024.....	29

Töfluskrá

Tafla 1. Staðsetning rafveiðistöðva í Blöndu og Svartá 2023, auk flatarmáls þeirra.	30
Tafla 2. Staðsetning rafveiðistöðva í Blöndu og Svartá 2024, auk flatarmáls þeirra.	30
Tafla 3. Vísitala þéttleika (fjöldi seiða á hverja 100 m ²) einstakra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í seiðarannsóknnum í Blöndu og Svartá 2023.....	31
Tafla 4. Vísitala þéttleika (fjöldi seiða á hverja 100 m ²) einstakra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í seiðarannsóknnum í Blöndu og Svartá 2024.....	31
Tafla 5. Meðallengd og meðalholdastuðull mismunandi aldurshópa laxa-, bleikju- og urriðaseiða í Blöndu og Svartá í seiðarannsóknnum 2023.....	32
Tafla 6. Meðallengd og meðalholdastuðull mismunandi aldurshópa laxa-, bleikju- og urriðaseiða í Blöndu og Svartá í seiðarannsóknnum 2024.....	32
Tafla 7. Vísitala seiðapéttleika (fjöldi seiða á hverja 100 m ²), meðallengd og meðalholdastuðull mismunandi hópa laxaseiða í rafveiði í Blöndu á árunum 1976-2024.....	33
Tafla 8. Vísitala seiðapéttleika (fjöldi seiða á hverja 100 m ²), meðallengd og meðalholdastuðull mismunandi aldurshópa laxaseiða í rafveiði í Svartá á árunum 1981-2024.	34
Tafla 9. Afli, veiði og slepptir laxar í stangaveiði í Blöndu og Svartá sumarið 2023. ♂: hængar, ♀: hrygnur, Σ: samtals, %♂: hlutfall hænga.	35
Tafla 10. Afli, veiði og slepptir laxar í stangaveiði í Blöndu og Svartá sumarið 2024. ♂: hængar, ♀: hrygnur, Σ: samtals, %♂: hlutfall hænga.	36
Tafla 11. Fjöldi stangaveiddra laxa (afli), reiknuð stærð göngu og aflahlutfall í vatnakerfi Blöndu 1982-2024.	37
Tafla 12. Veiði, ganga, afli og fjöldi laxa í vatnakerfinu í lok veiðitíma 2023 (a) og 2024 (b), skipt eftir lengd sjávardvalar og kynjum. ♂: hængar, ♀: hrygnur, Σ: samtals, %♂: hlutfall hænga. Göngu upp fyrir flúðir er skipt í kyn m.v. kynjaskiptingu í veiði ofan flúða.	38

1 Inngangur

Vatnakerfi Blöndu í A-Húnavatnssýslu (Mynd 1) hefur um árabil verið meðal gjöfulustu lax- og silungsveiðisvæða landsins. Ennisflúðir, skammt ofan við Blönduós, voru mikil göngutöf fyrir laxfiska á leið upp Blöndu þar til byggðir voru fiskvegir í flúðirnar, fyrst árið 1939 en núverandi fiskvegur er frá árinu 1965. Jökulgrugg í ánni hefur áhrif á fiskgöngur og getur mikið grugg leitt til þess að fiskur hætti að ganga (Þórólfur Antonsson 1984). Með tilkomu Blönduvirkjunar á tíunda áratug síðustu aldar er rennsli Blöndu í Blöndudal og Langadal jafnara en áður var og því jökulgrugg minna. Rennsli um ána er stýrt af manna völdum þar til áin fer á yfirfall, en misjafnt er milli ára hvenær eða hvort það gerist.

Við byggingu virkjunarinnar lokuðust gönguleiðir fisks upp í hliðarár Blöndu á Blönduheiðum (Sigurður Guðjónsson 1991) en á móti gengur fiskur greiðar upp ána en áður vegna jafnara rennslis og minna jökulgruggs og hefur veiðin aukist á efri svæðum Blöndu og í Svartá eftir tilkomu virkjunarinnar (Sigurður Guðjónsson 2003). Auk þessa hefur lífræn framleiðsla aukist í Blöndu og skilyrði til hrygningar og uppvaxtar laxaseiða orðið betri, ekki síst á svæðinu ofan við útfall virkjunarinnar (Ingi Rúnar Jónsson og Friðþjófur Árnason 2022). Virkjunin breytti ekki uppeldisskilyrðum í Svartá hvað framleiðslu laxaseiða varðar og er ganga fisks í ána greiðari en áður var.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki vatnakerfisins frá árinu 1981. Yfirlit yfir skýrslur um rannsóknir á göngufiskum í Blöndu og Svartá, aðrar en þær sem vitnað er til í heimildaskrá, má finna í ítarefni aftan við heimildaskrá. Hér verða birtar niðurstöður seiðarannsókna í árlegum seiðamælingum í Blöndu og Svartá árin 2023 og 2024 auk samantektar á stangveiði og mati á stofnstærðum fiska sem gengu í vatnakerfið þessi ár. Markmið þessara rannsókna er að fylgjast með framgangi fiskstofna vatnakerfisins og breytingum á þeim samhliða breyttum rennslisháttum og aurburði, en þekking á fiskgengd og veiði er ein forsenda sjálfbærrar nýtingar fiskstofna.

2 Aðferðir

2.1 Mælingar á vatnshita

Vatnshiti hefur verið mældur með síritandi hitamæli (TidbiT TBI32-05+37, DST centi eða Starmon mini) í fiskvegi í Ennisflúðum samfellt frá árinu 2001. Hitastigið er skráð einu sinni á klukkustund (á heila tímanum).

2.2 Seiðarannsóknir

Vettvangsvinna við seiðarannsóknir í Blöndu og Svartá fóru fram 18. og 19. júlí 2023. Heildarflatarmál rafveiðistöðva í Blöndu var 1.124 m² þar sem rafveitt var á sex stöðum. Tveimur í Langadal (veiðisvæði II), tveimur í Blöndudal neðan við útfall Blönduvirkjunar (veiðisvæði III) og einum ofan við útfall (veiðisvæði IV) en veitt hefur verið á þessum stöðum til margra ára. Auk þeirra var rafveitt við Eldjárnsstaði (veiðisvæði IV) en það er viðbótarstöð sem veitt hefur verið á síðan 2015 til þess að auka við þekkingu á því svæði. Í Svartá var rafveitt á sex stöðum eða alls 1.079 m² (Mynd 2, Tafla 1).

Árið 2024 fór vettvangsvinnan við seiðarannsóknir í Blöndu og Svartá fram 16.-18. júlí. Rafveitt var alls á 1.463 m² í Blöndu og á sömu stöðum og árið 2023. Í Svartá var heildarflatarmál rafveiðistöðva 920 m² og einnig var rafveitt á sömu stöðum og árið áður en þó var stöð SV-7 tekin neðar en vanalega vegna mikils vatns í ánni (Tafla 2).

Á hverri stöð var farin ein yfirferð með rafveiði og þess gætt, eins og kostur var, að þær væru framkvæmdar í samræmi við fyrri rannsóknir í ánum. Rannsóknirnar gefa m.a. upplýsingar um útbreiðslu seiða, tegundasamsetningu, þéttleika, aldur og stærð þeirra.

Við rafveiðar er notaður búnaður sem samanstendur af rafstöð sem framleiðir 220 volta riðstraum sem breytt er í 300 volta jafnstraumsspennu og gefur hún frá sér um 0,5 ampera straum. Málmotta er notuð sem hlutlaust bakskaut og liggur á botni árinna. Forskautið er leitt í málmhring á enda rafveiðistafs sem veiðimaðurinn heldur í vatninu og fer yfir það svæði sem veiða skal. Þegar málmhringurinn er yfir seiðum lamast þau tímabundið og dragast að hringnum. Þá eru þau háfuð og þeim safnað í fötu með vatni. Virkni hringins nær um einn metra út frá honum. Með einni yfirferð veiðist aðeins hluti þeirra seiða sem eru á viðkomandi stöð. Sýnt hefur verið fram á að marktækt samband er á milli fjölda seiða sem veiðist í einni yfirferð og heildarfjölda seiða á viðkomandi rafveiðisvæði. Því er hægt að nota fjölda seiða í einni yfirferð sem vísitölu fyrir seiðapétteleika, við samanburð á þéttleika milli svæða eða tíma (Friðþjófur Árnason o.fl. 2005).

Flatarmál hvernar stöðvar var mælt og reiknuð vísitala þéttleika seiða á hverja 100 m² botnflatar, þ.e. vísitala þéttleika = (fjöldi seiða/stærð rafveiðisvæðis í m²)*100. Veidd seiði voru greind til tegunda og þau lengdar- og þyngdarmæld. Kvarnir og hreistur var tekið af hluta veiddra seiða til aldursgreiningar þeirra, en öðrum sleppt aftur að loknum mælingum. Aldur seiða var greindur á kvörnum undir víðsjá. Aldur vorgamalla seiða sem eiga uppruna sinn úr hrygningu haustið áður er táknaður með 0+, eins vetra seiða 1+ o.s.frv. þar sem + táknar vöxt líðandi árs. Hafa verður í huga að þegar seiðarannsóknir fara fram er ekki langt liðið frá því vorgömul laxaseiði byrja að koma upp úr mölinni og dreifa sér. Þéttleikamælingar á þessu aldurshóp geta því verið háðar óvissu. Meðallengd einstaklinga hvers árgangs laxa-, bleikju- og urriðaseiða var reiknuð fyrir hverja stöð, ásamt staðalfrávik. Einnig var

reiknaður Fultons holdastuðull (K) (Bagenal og Tesch, 1978) seiða allra tegundanna sem $K = (\text{þyngd (g)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$. Stuðullinn gefur mat á holdafari seiða og er nærri gildinu 1 fyrir seiði laxfiska í eðlilegum holdum. Meðaltals holdastuðull var reiknaður fyrir hvern árgang.

2.3 Stangveiði

Stangveiði er stunduð í Blöndu og Svartá. Blanda skiptist í fjögur veiðisvæði, þ.e. svæði I neðan Ennisflúða, svæði II frá Breiðavaðslæk að Æsustöðum, svæði III að útfalli Blönduvirkjunar og svæði IV í Blöndugili ofan útfalls virkjunarinnar. Svartá skiptist í tvö veiðisvæði, þ.e. laxasvæði sem nær upp undir bæinn Hvamm í Svartárdal og silungasvæði þar ofan við. Upplýsingar um stangveiðina, s.s. fjölda fiska, kynjahlutfall og skiptingu veiðinnar í smálax og stórlax, voru unnar upp úr veiðibókum (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2024 og 2025). Við úrvinnslu veiðitalna voru veiddir laxar flokkaðir í smálax (1 ár í sjó) og stórlax (2 ár í sjó) eftir stærð. Gert var ráð fyrir að 70 cm og lengri lax sé stórlax, óháð kyn, en ef bæði lengdar- og þyngdarskráningu vantar er gert ráð fyrir að um smálax sé að ræða. Einhver skörun getur verið á stærðardreifingu smálaxa og stórlaxa, þannig að stór smálax sé flokkaður sem stórlax og smár stórlax sem smálax. Aðferðin er engu að síður álitin haldþær nálgun til skiptingar laxveiðinnar í smálaxa og stórlaxa. Í veiðibækur er skráð ef fiski hefur verið sleppt aftur (veiða & sleppa). Afli er sá fiskur sem er landað, en veiði er sá fiskur sem er veiddur, þ.m.t. fiskur sem sleppt er aftur að lokinni veiði.

2.4 Fiskteljari

Fiskteljari (VAKI www.riverwatcher.is) hefur verið starfræktur í fiskvegi í Blöndu við Ennisflúðir frá árinu 1994, en á svipuðum stað var kista/gildra, sem fiskur var talinn og merktur úr á árunum 1982 til 1993 (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994). Vorið 2023 var teljarinn endurnýjaður og settur teljari sem útbúinn er myndavél, auk hefðbundinna skynjara sem nema og mæla fisk sem gengur um teljarann. Teljarinn var staðsettur í sama hólfi fiskvegarins og áður var. Sumarið 2023 var teljarinn starfræktur frá 9. júní til 11. október. Í byrjun september það ár var lokað fyrir gönguleið fiska upp úr fiskveginum, en þá hafði orðið vart við strokulaxa úr sjókvíaelði á göngu upp ána. Fram að þeim tíma er fjöldi göngufiska metinn með gögnum úr teljara, en eftir það er miðað við gögn frá aðila sem flokkaði handvirkt fisk sem kom í fiskvegin og slepti áfram náttúrulegum fiskum upp fyrir fiskvegin, en fjarlægði þá eldislaxa sem veiddust. Seinni part sumars (um 20. ágúst) jókst grugg í Blöndu mikið og reyndist oft erfitt og jafnvel ómögulegt að greina einstaka fiska til tegunda eftir myndum. Skynjarar teljarans greina þó eftir sem áður skuggamyndir af einstökum fiskum og voru þær ásamt upplýsingum um stærð notaðar til aðgreiningar tegunda á þessu tímabili þegar ekki var hægt að styðjast við myndbönd.

Teljarinn mælir hæð (þvermál) þeirra fiska sem um hann ganga og er lengd fisksins reiknuð út frá sambandi hæðar og lengdar (reiknuð lengd fisks = hæð fisks * umbreytingarstuðull). Eins og fyrr sagði er reynt eftir fremsta megni að skipta göngunni í tegundir eftir myndböndum, en í þeim tilfellum þar sem eingöngu er hægt að nota skynjaramælingar er reiknuð lengd fiska sem gengu um teljara og þeim skipt í þrjá stærðarhópa (silungur, smálax, stórlax).

Við vinnslu gagna úr teljara 2023 var notaður stuðullinn 6 til að reikna lengd fiska. Við greiningu gagna, fram að því að fiskveginum var lokað, var miðað við að lax sem væri minni en 70 cm væri smálax, en

lax 70 cm og stærri væri stórlax. Þeir sex laxar sem fluttir voru upp fyrir stigann eftir að honum var lokað var skipt í smálax og stórlax í þeim hlutföllum sem þeir hópar komu fyrir í teljaranum frá 20. ágúst til 1. september, þar sem stærðarmælingar á þessum fiskum lá ekki fyrir. Þetta eru þó aðeins sex fiskar og því lítill hluti göngunnar 2023.

Sumarið 2024 var teljarinn starfræktur frá 29.maí til 3. október. Eins og árið 2023 var grugg mikið í Blöndu seinni part sumars og því var á sama hátt notast við skuggamyndir og stærðarmælingar í teljara, þegar ekki reyndist unnt að greina fiska til tegunda eftir myndböndum. Sömu stuðlar voru notaðir við útreikning á lengd laxa og við skiptingu í smálax og stórlax.

Í eldri rannsóknum á fiskstofnum Blöndu, þar sem allur fiskur sem gekk um fiskveginn var merktur, reyndist meirihluta silunga vera bleikjur, en fáir urriðar. Eftir að hætt var að merkja fisk í fiskveginum og gangan metin með fiskteljara (án myndavélar), var í ljósi þess gert ráð fyrir að nánast allir fiskar í silungastærð sem gengi um teljarann, væru í raun sjóbleikjur (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994, Sigurður Guðjónsson 2003). Þessi aðferð til skiptingar á göngunni hefur þann ókost að stærðardreifingarnar geta skarast, þ.e. einhverjar stórar bleikjur geta fallið í flokk smálaxa, einhverjir litlir smálaxar í flokk bleikja o.s.frv. Með tilkomum teljara með myndavél er hins vegar hver fiskur greindur til tegundar óháð stærð, þ.e. þegar grugg er það lítið að fiskar sjást vel. Ef grugg er hins vegar orðið það mikið að fiskar sjást ekki í mynd, verður að grípa til fyrra verklags og skipta þeim hluta fiskgöngunnar m.t.t. stærðar einstakra fiska samkvæmt skuggamyndum.

Vitað er að hluti laxa og silunga getur gengið upp Ennisflúðir, framhjá fiskvegi, þó sú gönguleið sé talin erfið. Þetta hlutfall var rannsakað um árabíl, þegar fiskur var fangaður í gildru í fiskveginum, hann merktur og sleppt áfram. Út frá hlutfalli merktra og ómerktra fiska í veiði í vatnakerfinu ofan Ennisflúða var hlutfall þeirra fiska sem gengu flúðirnar metið þannig að um fiskveginn gangi 80% göngufisksins, en 20% hans fari um flúðirnar framhjá fiskvegi. Það er byggt á meðaltali áranna 1992 og 1993, en þá var virkjun Blöndu lokið og fyrir liggja gögn um hlutfall merktra (ganga upp fiskveg) og ómerktra (ganga upp flúðir) fiska ofan flúða (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1993 og 1994). Þó hér sé miðað við að 20 % hlutfall göngunnar gangi um flúðirnar, geta ýmsir þættir haft áhrif á möguleika mismunandi einstaklinga til að ganga straumharðar flúðirnar, s.s. stærð og tegund fiska, vatnshæð, hitastig vatnsins og grugg. Takmörkuð hrygningar- og uppeldissvæði eru í Blöndu neðan Ennisflúða (Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson 2004) og því er gert ráð fyrir að allur sá lax sem gengur úr sjó gangi upp fyrir Ennisflúðir fyrir haustið. Heildarfjöldi laxa sem ganga í vatnakerfið var því fundinn með því að leggja saman fjöldataölur úr teljara, fjölda fiska sem reiknað er með að farið hafi um flúðir framhjá fiskvegi og þess sem veiddist (afli) í Blöndu neðan teljara.

2.5 Hrognáútreikningar

Heildarfjöldi laxahroga í öllum hrygnum sem gengu í vatnakerfið úr sjó (heildarganga) var metinn fyrir árin 1994-2024, sem og heildarfjöldi hroga þeirra hrygna sem eftir voru í vatnakerfinu í lok veiðitíma. Við útreikninga á hrognafjöld voru gefnar nokkrar forsendur:

- Vegna takmarkaðra hrygningarsvæða neðan við Ennisflúðir og lítills þéttleika laxaseiða þar, er reiknað með því að þegar fisktalningu er hætt í fiskvegi í Ennisflúðum í lok göngutíma laxa, stuttu fyrir hrygningu, séu allir laxar gengir upp fyrir flúðirnar. Ef skoðuð er heildar laxveiðin á

veiðisvæðinu neðan Ennisflúða árin 1995-2020, var aðeins um 0,4% laxveiðinnar í september þar og rennir það frekari stoðum undir þá nálgun að lítið sé af laxi neðan flúðanna þegar talningu lýkur.

- Gert er ráð fyrir að 20% laxa gangi um Ennisflúðir framhjá teljara og er því hlutfalli bætt við þann fjölda sem teljarinn gefur.
- Skipting göngunnar í smálax og stórlax er samkvæmt niðurstöðum mælinga í teljara í fiskvegi.
- Til að skipta árlega heildargöngunni úr sjó eftir kyni, er notað hlutfall hrygna og hænga í veiði á öllum veiðisvæðum ofan Ennisflúða (Blöndu og Svartá) viðkomandi ár, aðskilið fyrir smálax og stórlax.
- Meðalþyngd hrygna smálaxa og stórlaxa hvert ár er reiknuð samkvæmt stærðarskráningu laxa í veiði á öllum veiðisvæðum í Blöndu og Svartá viðkomandi ár. Til að umbreyta lengd (cm) yfir í þyngd (kg) er notuð eftirfarandi formúla: $\text{þyngd} = 0,0000215 \cdot \text{lengd}^{2,83307}$

Með þessu móti fæst mat á heildarfjölda hrygna sem ganga úr sjó og sem eftir voru í ánni að hausti eftir að veitt hafði verið úr göngunni, skipt í smálax og stórlax. Fjöldi hroga á hverju ári var reiknaður fyrir smálax og stórlax sem:

- Heildarfjöldi hroga frá smálaxi = $2.701,8 \times \ln(\text{MP}_{\text{sm}} \times 2) + 1.778$ x fjöldi smálaxahrygna
- Heildarfjöldi hroga frá stórlaxi = $9.966,7 \times \ln(\text{MP}_{\text{st}} \times 2) - 11.674$ x fjöldi stórlaxahrygna

Þar sem MP_{sm} er meðalþyngd smálaxahrygna viðkomandi ár og MP_{st} er meðalþyngd stórlaxhrygna viðkomandi ár, í kílóum. Þessi sambönd fiskstærðar og hrognafjölda er byggt á sambandi sem fundið hefur verið fyrir bæði smálax og stórlax í nokkrum ám á suðvesturlandi (Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson munnl. uppl., Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2002).

3 Niðurstöður

3.1 Mælingar á vatnshita

Meðalvatnshiti sumarsins 2023 sveiflaðist í kringum meðaltal síðustu ára, undir meðaltali í júlí en var yfir því í júní og ágúst. Meðalvatnshiti sumarsins 2024 var hins vegar vel undir langtímameðaltali, mest í júní þar sem meðalvatnshiti 2024 var 7,9°C en langtímameðaltalið er 10,0°C. Þessi lági vatnshiti tengist m.a. því að í byrjun júní þetta ár gekk norðanhret yfir landið sem skilaði af sér óvenju miklum snjó á norðanverðu landinu miðað við árstíma. Ágúst og september voru einnig kaldir eða 1,7°C og 1,5°C undir langtímameðaltali (Mynd 3).

3.2 Seiðarannsóknir

Árið 2023

Laxaseiði veiddust á öllum rafveiðistöðvum í Blöndu og Svartá í seiðarannsóknum sumarið 2023 (Tafla 3). Seiðin voru vorgömul til tveggja ára (2+) utan eins þriggja ára seiðis sem veiddist við Eldjárnsstaði í Blöndu (

Mynd 4 og 5). Í Blöndu mældist vísitala heildarþéttleika laxaseiða á hverri stöð frá 4,4 til 76,9 seiði á hverja 100 m² botnflatar. Í Svartá var seiðavísitala laxaseiða frá 2,1 til 59,5 seiði/100 m² (Tafla 3). Meðallengd aldurshópa laxaseiða í Blöndu var frá 3,2-11,9 cm og 3,0-8,3 cm í Svartá (Tafla 5, myndir 4 og 5).

Meðalvísitala allra aldurshópa í Blöndu árið 2023 var 26,4 seiði/100m² en ef efsta stöðin (BL-E-3), þar sem þéttleikinn var mestur, er tekin frá var meðalvísitalan 16,2 seiði/100² (Tafla 3). Þetta er heldur meiri þéttleiki en mældist árið á undan, en mun minni en árið 2021 þegar vísitala þéttleika vorgamalla seiða mældist hér.

Í Svartá var seiðavísitala allra árganga laxaseiða hæst á neðstu tveimur stöðvunum (SV-6 og SV-7). Á neðstu stöðinni voru vorgömul seiði í meirihluta, en eins og fyrr segir getur verið óvissa í mati á þéttleika þess aldurshóps (Tafla 3).

Einn árgangur bleikju (1⁺) veiddist í litlum mæli bæði í Blöndu og Svartá en urriði í meiri þéttleika og á breiðara aldursbili (Töflur 3 og 5, myndir 8 og 9)

Árið 2024

Árið 2024 veiddust laxaseiði á öllum rafveiðistöðum í Blöndu og Svartá (Tafla 4). Seiðin í Blöndu voru vorgömul til þriggja ára (3⁺) en í Svartá vorgömul til tveggja ára (2⁺) (Mynd 6 og 7). Í Blöndu mældist vísitala heildarþéttleika laxaseiða á hverri stöð frá 3,2 til 38,4 seiði á hverja 100 m² botnflatar og í Svartá var seiðavísitala laxaseiða frá 1,6 til 41,9 seiði/100 m² (Tafla 4). Meðallengd aldurshópa laxaseiða í Blöndu var frá 2,7-10,2 cm og 2,9-7,3 cm í Svartá sumarið 2024 (Tafla 6, myndir 6 og 7).

Líkt og árið 2023 var vísitala þéttleika laxaseiða hæst á efstu stöð í Blöndu (BL-E-3). Meðalvísitala allra aldurshópa var 18,1 seiði/100 m² en 14,0 seiði/100 m² ef efsta stöðin er undanskilin.

Í Svartá var seiðavísitala allra árganga laxaseiða hæst á neðstu tveimur stöðvunum (SV-6 og SV-7) og líkt og árið 2023 er vægi vorgamalla seiða umtalsvert (Tafla 4).

Nokkrar bleikjur (0⁺ og 1⁺) veiddust á um helming stöðvanna í Blöndu og Svartá árið 2024 og urriði einnig á um helming stöðva en í meiri þéttleika og frá 0⁺ til 3⁺ seiða (Töflur 4 og 6, myndir 10 og 11).

Seiðavísitala til lengri tíma

Seiðamælingar eru til úr Blöndu aftur til ársins 1976, en þó ekki árvisst. Þó hafa komið tímabil þar sem mælingar voru árlega og síðan 2012 hefur verið mælt á hverju ári. Þegar litið er á þetta samfellda tímabil frá 2012, má sjá að vísitala þéttleika laxaseiða var nokkru hærri 2015 - 2017 en önnur ár. Síðan 2018 hefur vísitalan verið lægri (Tafla 7, mynd 12). Efsta stöðin í Blöndu (Eldjárnsstaðir (BL-E-3)) er ekki tekin með í langtímatölum á mynd 12 en sú stöð var fyrst tekin 2015 og þar hefur vísitala þéttleika laxaseiða yfirleitt verið hærri en annars staðar í Blöndu. Af hinum stöðvunum hefur stöðin fyrir ofan útfall Blönduvirkjunar (Eiðstaðir) mælst með hæsta vísitölu þéttleika laxaseiða síðan árið 2012 (Mynd 13). Seiðamælingar voru gerðar nær árlega í Svartá frá 1981-2004. Eftir það kom hlé og voru seiðarannsóknir næst framkvæmdar árið 2010 og hafa svo verið árlegar frá 2012. Vísitala þéttleika laxaseiða hefur verið breytileg í Svartá milli ára, en hefur farið heldur lækkandi síðustu ár, þó hún sé há í sögulegu samhengi. Seiðatölur eru hærri síðara samfellda tímabilið í báðum ám (Tafla 8, Mynd 12).

Seiðavísitala þéttleika laxaseiða var almennt heldur hærri árið 2023 en árið 2024. Umhverfisbreytur gætu haft áhrif enda var mikið vatn í ánum 2024 þegar seiðamælingar fóru fram. Vægi vorgamalla seiða í vísitölunni getur einnig haft áhrif á seiðavísitölu en breytilegt getur verið hversu vel næst að mæla þann aldurshópur í seiðamælingum. Hafa verður í huga að framkvæmd seiðarannsókna hefur ekki alltaf verið sambærileg, t.d. hvað tímasetningu og fjölda stöðva varðar. Þetta á sérstaklega við um eldri þéttleikatölur og verður því að taka samanburð á milli ára með þeim fyrirvara.

3.3 Stangveiði

Árið 2023

Alls veiddust 489 laxar í Blöndu og Svartá sumarið 2023. Þar af var 451 laxi sleppt eða 92% og 38 laxar voru í afla (8%). Mesta veiðin var á svæði I í Blöndu (237 laxar) og í Svartá (130 laxar) (Tafla 9). Fyrri hluta veiðitímabils var meginhluti veiðinnar neðan Ennisflúða (Svæði I) en þegar fram kom í júlí jókst veiðin á efri svæðum Blöndu og í Svartá. Blanda fór að renna um yfirfall á Blöndustíflu 21. ágúst og náði rennslið hámarki 27. ágúst þegar rennslið var um 66 m³/s (www.lv.is). Þegar litið er til vikuveiði veiðisvæða sést vel hvenær áin fer á yfirfall enda versna aðstæður til veiða í Blöndu vegna aukins gruggs sem fylgir yfirfalli og lítið veiddist. Veiðin í Svartá var hins vegar jafnari og náði yfir júlí, ágúst og september mánuð (Mynd 14).

Laxveiði í vatnakerfi Blöndu og Svartár 2023 skiptist í 255 smálaxa og 234 stórlaxa. Hrygnur voru 24% smálaxa og 67% stórlaxa. Sleppingar á smálaxi voru um 87% og 98% stórlaxa var sleppt (veiða og sleppa) (Tafla 9, mynd 17). Meðalveiði í Blöndu og Svartá árin 1982-2022 var 1.479 laxar og var veiði ársins 2023 því 33% af meðalveiði þessa tímabils. Laxveiðin sumarið 2023 var sú minnsta á árabílinu 1982-2023 (Tafla 11, mynd 19). Engin hreistursýni bárust Hafrannsóknastofnun af fiskum veiddum í stangveiði sumarið 2023.

Árið 2023 veiddust 44 bleikjur og var 27 (61%) þeirra sleppt (Mynd 17) og samtals veiddust 181 urriði og af þeim var 149 (82%) sleppt aftur (Mynd 18).

Árið 2024

Sumarið 2024 veiddust 437 laxar í vatnakerfi Blöndu. Af þeim voru 404 sleppt eða 92% laxa á meðan 33 laxar voru drepnir. Mesta veiðin var á svæði I í Blöndu (142 laxar) og svæði IV (131 laxar), í Svartá veiddust 110 laxar (Tafla 10). Eins og oft áður var mesta veiðin í upphafi veiðitíma neðan Ennisflúða (Svæði I) en svo tóku Blöndugil (svæði IV) og Svartá að mestu við út veiðitímann (Mynd 15). Blanda rann aldrei um yfirfall á Blöndustíflu sumarið 2024 og var vatnshæð Blöndulóns undir áætluðu meðaltali allt sumarið (www.lv.is) sem skýrir líklega jafna veiði í Blöndugili út veiðitímann.

Laxveiði í vatnakerfi Blöndu og Svartár 2024 skiptist í 313 smálaxa og 124 stórlaxa. Hrygnur voru 23% smálaxa og 65% stórlaxa. Sleppingar á smálaxi voru um 89% og öllum stórlaxi var sleppt (veiða og sleppa). Meðalveiði í Blöndu og Svartá árin 1982-2023 var 1.455 laxar og var veiði ársins 2024 því 30% af meðalveiði þessa tímabils. Laxveiðin sumarið 2024 var sú minnsta frá því 1982 og aðeins tvisvar áður

hafði laxveiðin farið niður fyrir 500 laxa á tímabilinu 1982-2024 (Tafla 11, mynd 19). Engin hreistursýni bárust Hafrannsóknastofnun af fiskum veiddum í stangveiði sumarið 2024.

Árið 2024 veiddust 78 bleikjur og af þeim var 67 (86%) sleppt aftur (Mynd 17). Auk þess veiddust 179 urriðar og var 144 (80%) sleppt aftur (Mynd 18).

3.4 Fiskteljari

Árið 2023

Samkvæmt niðurstöðum greininga á teljaragögnum gengu 873 bleikjur, 356 urriðar og 935 laxar upp teljara í Ennisflúðum árið 2023 (Myndir 20, 22 og 24). Þegar fjöldi fiska sem gengu um teljarann var uppreiknaður miðað við þær forsendur að 20% fiska gangi um flúðirnar fram hjá fiskveginum gengu samtals 1.091 bleikja, 445 urriðar, 673 smálaxar og 496 stórlaxar upp fyrir Ennisflúðir sumarið 2023 (Tafla 12a). Í heildina gengu samkvæmt útreikningum því 687 smálaxar og 499 stórlaxar eða samtals 1.186 laxar í vatnakerfi Blöndu og Svartár árið 2023. Aflahlutfall laxa (það sem var drepíð) í vatnakerfinu var 3,2% af heildargöngunni (Töflur 11 og 12a, mynd 25).

Sumarið 2023 gengu laxar í Blöndu sem sloppið höfðu úr sjókvíaeldi og var fiskveginum lokað þegar þeirra varð vart. Þó var metið samkvæmt teljara að fjórir laxar hefðu gengið upp fyrir fiskveginn áður en honum var lokað. Eftir að fiskveginum var lokað, voru 53 laxar fjarlægðir úr fiskveginum. Alls eru því 57 eldislaxar skráðir í göngu um fiskveginn. Ekki er vitað hvernig eldislaxinum gengur að fara flúðirnar fram hjá fiskveginum, þ.e. hvort eigi að miða við 20% eins og hjá villta laxinum eða eitthvað annað hlutfall. Einnig gengu sjö hnúðlaxar (*Oncorhynchus gorboscha*) um teljarann.

Árið 2024

Árið 2024 gengu upp teljarann í Ennisflúðum 614 bleikjur, 254 urriðar og 804 laxar samkvæmt greiningu á teljaragögnum (Myndir 21, 23 og 24). Þegar fjöldi fiska sem gengu um teljarann var uppreiknaður miðað við þær forsendur að 20% fiska gangi um flúðirnar fram hjá fiskveginum gengu samtals 768 bleikjur, 318 urriðar, 775 smálaxar og 230 stórlaxar upp fyrir Ennisflúðir sumarið 2024 (Tafla 12b). Í heildina gengu samkvæmt útreikningum því 787 smálaxar og 230 stórlaxar eða samtals 1.017 laxar í vatnakerfi Blöndu og Svartár árið 2024. Samkvæmt útreikningum var aflahlutfall laxa (það sem var drepíð) í vatnakerfinu 3,2% af heildargöngunni líkt og árið 2023 (Töflur 11, 12b og mynd 25). Ekki varð vart við laxa með eldiseinkenni í teljaranum.

3.5 Hrognaútreikningar

Árin 1994-2024 var árlegur heildarfjöldi hrogna í þeim hrygnum sem gengu úr sjó í vatnakerfi Blöndu metinn að meðaltali um 10,3 milljón hrogn, sem skiptist í tæplega fjórar milljóna hrogna úr smálaxahrygnum og ríflega 6,3 milljón hrogn úr stórlaxahrygnum. Breytileikinn í hrognafjölda milli ára var mikill eða á bilinu tæplega 2,7 til 26 milljón hrogn á ári. Á tímabilinu voru að meðaltali um 44% hrogna smálaxa og um 52 % hrogna stórlaxa drepin í veiðinni og meðalfjöldi hryndra hrogna var því ríflega fimm milljónir.

Hlutfall þeirra laxa sem voru drepnir í veiði í Blöndu og Svartá verið lækkandi undanfarin ár, með tilkomu aukinna sleppinga laxa í veiði, en árin 2023 og 2024 var um 1,5% hrogn úr heildargöngu drepin í veiði (Mynd 26). Haustið 2023 var hrygning laxa í vatnakerfinu því ríflega 4,4 milljón hrogn og ríflega 2,6 milljón haustið 2024.

4 Umræður

Í Blöndu og Svartá veiddust 489 laxar árið 2023 og 437 laxar árið 2024. Þetta er minnsta skráða laxveiði í vatnakerfinu sem verið hefur frá 1974, en aðeins einu sinni áður á því tímabili hafði veiðin farið niður fyrir 500 laxa.

Að árinu 2019 undanskildu þarf að fara aftur til ársins 1991 til að finna minni heildargöngu náttúrulegra laxa í vatnakerfið úr sjó en var árin 2023 og 2024. Í ljósi þess að seiðapéttleiki hefur verið góður í sögulegu samhengi í Blöndu og Svartá og að göngur úr sjó hafa einnig verið lægri en var í mörgum nálægum ár, má ætla að afföll laxa í sjó ráði miklu um þessar minni göngur í vatnakerfið. Til mótvægis við minni göngur úr sjó, hafa sleppingar laxa í veiði (veiða-sleppa) aukist á síðustu árum, en á árum áður var algengt aflahlutfall um 40-70% en var um 3,2% árin 2023 og 2024. Mælt er með að áfram verði veitt og sleppt, ekki síst þannig að langflestum hrygnum sé sleppt. Auk lítilla laxaganga úr sjó undanfarin ár, hefur veiðihlutfall síðustu ár verið undir meðaltali síðustu áratuga. Ekki liggja fyrir skýringar á því, en ástæða er til að skoða þennan þátt frekar. Fyrri rannsóknir í Blöndu sýna að almennt er gott samhengi milli veiði og göngu (Ingi Rúnar Jónsson o.fl. 2008).

Samhliða auknu laxeldi í sjókvíum hér við land á undanförunum árum, hafa líkur aukist á að fiskur sem sleppi úr eldinu gangi í ár. Þar er um ræða laxa eldisstofn af norskum uppruna og er óttast um neikvæð áhrif af blöndun hans við villta íslenska laxastofna með skertri afkomu þeirra til lengri tíma liðið. Fiskar sem sloppið hafa úr eldi bera oft ytri einkenni eldisins, s.s. eydda eða skaddaða ugga. Þetta eru þó ekki óyggjandi einkenni þar sem minni eða engin einkenni geta verið á fiski sem sleppur snemma á lífsferlinum og blendingar eldislaxa og náttúrulegra laxa sem alast upp í ám eru án þessara einkenna. Mikilvægt er að veiðimenn veiti þessum hugsanlegu einkennum athygli á þeim fiskum sem þeir veiða og geri viðvart um fiska með slík einkenni og komi þeim til rannsókna á uppruna þeirra.

Haustið 2023 var vart við mikið magn eldislaxa í ám á landinu og var meiri hluti þeirra rakinn til stroks úr Kvíngindisdal (Fjola Rut Svavarsdóttir o.fl. 2024). Blanda var þar ekki undanskilin og var fiskveginum lokað í byrjun september, þegar vart hafði verið við eldislaxa þar. Gögn úr teljaranum benda til þess að fjórir laxar af eldisuppruna hafi gengið upp fyrir fiskveginn áður en honum var lokað og á næstu vikum á eftir voru alls 53 eldislaxar háfaðir upp úr fiskveginum. Miðað við þá fjóra eldislaxa sem taldir voru hafa gengið upp fyrir fiskveginn fyrir lokun hans, er hlutdeild eldislaxa 0,3% af heildargöngu villtra laxa í vatnakerfið 2023. Hins vegar hækkar hlutfallið mikið ef gert er ráð fyrir að 20% eldislaxa gangi um flúðirnar fram hjá fiskvegi, eins og gert er ráð fyrir með villtan lax. Við þær aðstæður sem sköpuðust síðsumars 2023 þegar eldislax fór að ganga í Blöndu, reyndist myndavélateljarinn mjög mikilvægur því með honum mátti greina strax og eldisfisks varð vart og bregðast við, m.a. með því að loka fiskveginum.

Í kjölfar göngu eldislaxa í ár sumarið og haustið 2023, var farið í umfangsmikla söfnun á yngsta aldurshópi laxaseiða (vorgömlum seiðum), sem mögulega gætu verið undan fiskum úr strokinu úr Kvíngindisdal 2023, í ám á Norðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi árið 2024. Vatnakerfi Blöndu var

